

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

HLUTHAFAFUNDUR - FUNDARBOÐ

Hluthafafundur í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, verður haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2026, kl. 16:00, í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Breytingar á samþykktum og framsal rekstrareiningar.
2. Önnur mál.

Lagt er til að nafni félagsins verði breytt í Bera hf. og að allur rekstur félagsins sem tengist sölu, framleiðslu og dreifingu á drykkjarvörum verði framseldur til dótturfélags félagsins, ÖES ehf. Jafnframt verði skráðum tilgangi félagsins samkvæmt samþykktum breytt, þannig að hann vísi til eignarhalds, kaupa og sölu á eignarhlutum í öðrum félögum og hvers kyns verðbréfum, umsýslu dótturfélaga, framleiðslu, innflutnings og sölu drykkjarvara, hýsingar, dreifingar og tollumsýslu vara, reksturs tollvöruheymislu, eignarhalds og reksturs fasteigna, lánastarfsemi og tengds rekstrar.

Aðrar upplýsingar

Mæting á fundinn – atkvæðagreiðsla

Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11 í Reykjavík. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja fundinn, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns. Rétt til setu á fundi eiga, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og forstjóri félagsins. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja fundinn. Stjórnin getur einnig boðið sérfræðingum setu á fundinum.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja fundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hvaða einstaklingum/aðilum þeir veita umboð. Á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur/>, má finna form af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Umboð skal vera dagsett og gildir einungis til fundarsetu á fundinum nema annað sé skýrt tekið fram í efni umboðsins, en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja fundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir fundinn fyrir hönd viðkomandi hafi til þess fullnægjandi heimild.

Þeim sem mæta fyrir hönd hluthafa er bent á að koma með viðeigandi persónuskilríki á fundinn, til að flýta fyrir innskráningu.

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern einnar krónu hlut sem þeir eiga í félaginu. Atkvæðisréttur fylgir ekki eigin hlutum félagsins eða hlutum sem dótturfélög þess kunna að eiga í félaginu.

Hluthöfum er gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundarins, bréflaga fyrir fundinn. Skulu atkvæði send með sannanlegum hætti til skrifstofu félagsins merkt „Hluthafafundur febrúar 2026“ eða með tölvupósti á netfangið hluthafafundur@olgerdin.is fyrir upphaf fundar. Hluthafi ber ábyrgð á því að atkvæði

viðkomandi hafi borist til félagsins með framangreindum hætti fyrir upphaf fundarins. Hluthafar geta óskað eftir að fá atkvæðasendil sendan með tölvupósti hafi skrifleg beiðni þar um borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir hluthafafund. Hluthafar geta einnig vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins og greitt þar atkvæði fyrir fundinn.

Fundargögn

Endanleg dagskrá fundarins, tillögur stjórnar og önnur skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafundinn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundir/>, sem og í höfuðstöðvum félagsins.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á fundinum ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16.00, þann 16. febrúar 2026. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið hluthafafundur@olgerdin.is. Kröfunni skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Félagsstjórn mun a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn upplýsa hluthafa um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, á vef félagsins.

Upplýsingar fyrir hluthafa

Á fundarboðsdegi eru 2.864.215.413 hlutir í félaginu og atkvæði jafnmörg. Þar af eru virk atkvæði 2.863.898.298.

Á fundinum fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Á vef félagsins er birtur listi yfir 20 stærstu hluthafa félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 5. febrúar 2026
stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.